



## Til borgarráðs

### Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 og forsendur fimm ára áætlunar 2021-2025, sem eru samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá 26. júní sl. Hagstofan gerir ráð fyrir að endurskoða spána þann 1. nóvember nk.

#### Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	1,6	-6,1	5,5	3,2	2,6	2,6	2,5
Samneysla	4,1	3,1	1,3	1,8	1,8	1,7	1,8
Fjármunamyndun	-6,3	-8,4	5,1	3,4	3,0	1,5	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,0	-30,1	19,1	8,2	6,7	5,2	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,9	-23,2	17,4	8,1	6,4	4,3	2,8
Verg landsframleiðsla	1,9	-8,4	4,9	2,9	2,6	2,5	2,5
Atvinnuleysi	3,6	8,2	6,8	6,2	5,4	5,0	4,6
Vísitala neysluverðs	3,0	2,4	2,4	2,6	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	8,6	8,9	-1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	4,9	5,8	5,6	5,4	4,2	4,2	4,2

Tafla 1: Forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki er spáð fyrir launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2020 og 2021, þ.e. á milli ársloka 2019 og 2020 annars vegar og ársloka 2020 og 2021 hins vegar. Hækkun innri leigu milli fjárhagsáætlunar 2020 og fjárhagsáætlunar 2021 er 2,26%.

Breyting Vísitölu neysluverðs milli ársloka (%)	2020	2021
Vísitala neysluverðs innan ársins	2,2%	2,7%




## Efnahagshorfur

Síðustu mánuðir eiga sér enga hliðstæðu í íslensku efnahagslífi. Kórónaveirufaraldurinn hefur haft áhrif á starfsemi fyrirtækja í nær öllum atvinnugreinum sem leiddi til fjölda uppsagna auk þess að stór partur af vinnuafli fór á hlutabótaleiðina. Hagstofan spáir því að verg landsframleiðsla dragist saman um 8,4% á árinu sem myndi vera mesti samdráttur á lýðveldistímanum. Samdrátturinn verður í atvinnuvegafjárfestingu, íbúðafjárfestingu, einkaneyslu, inn- og útflutningi en umtalsverð aukning verður í opinberri fjárfestingu sem rekja má til viðbragða stjórnvalda við faraldrinum. Samkvæmt spánni er búist við snörpum viðsnúningi á næsta ári og að vöxtur landsframleiðslu verði 4,9% og á bilinu 2,5 - 2,9% út spátímabilið. Þessi spá er þó háð því að faraldurinn verði í rénun en bakslag í baráttunni gæti dýpkað samdráttinn í ár og dregið úr efnahagsbata næstu ára.

Atvinnuleysi á landinu mun ná sögulegu hámarki á árinu og verða 8,2%. Samhliða bjartari horfum í hagvexti myndi atvinnuleysi minnka næstu árin og verður 6,8% á næsta ári og 6,2% árið 2022. Sé litið til höfuðborgarsvæðisins þá hefur atvinnuleysi þar aukist jafnt og þétt undanfarin 2 ár og var 9,9% í júní sem skipist í 7,8% almennt atvinnuleysi og 2,1% tengt hlutabótaleiðinni. Þegar uppsagnir raungerast eftir uppsagnarfrest má gera ráð fyrir

að almenna atvinnuleysið muni aukast en á hinn bóginn mun atvinnuleysi tengt hlutabótaleiðinni fjara út. Þrátt fyrir að spá um að hagvöxtur glæðist á næstum árum verður atvinnuleysi þó áfram nokkuð hátt sögulega séð og má búast við því að þörf fyrir fjárhagsaðstoð muni aukast meðfram því.

Þegar rýnt er í vinnumarkaðstölfræði sést að fjölda starfandi í Reykjavík hefur fækkað í síðustu 5 ársfjórðungum miðað við sama ársfjórðung árinu á undan. Hlutfall starfandi á höfuðborgarsvæðinu er einnig búið að síga undanfarið og er núna við langtímameðaltal. Meðalfjöldi unninna vinnustunda á viku á höfuðborgarsvæðinu lækkaði í fyrsta ársfjórðungi og voru 36,7 stundir en hefur verið um 38,5 stundir að meðaltali síðustu 2 ár sem sýnir áhrif lægra starfshlutfalls vegna faraldursins. Nýjustu tölur eru frá fyrsta ársfjórðungi 2020 og því hafa áhrif COVID-19 einungis birst að litlu leyti.




Vísitala neysluverðs hefur verið í kringum verðbólguþröngmið síðustu mánuði og hefur hækkað í 2,6% frá fyrri ári í maí. Gengi krónunnar lækkaði nokkuð hratt þegar kórónaveirufaraldurinn reið yfir og hefur nú lækkað um 10,5% frá upphafi árs til loka júní. Áhrif gengislækkunar er farið að gæta að einhverju leyti í verðlagi á innfluttum vörum en á móti kemur að heimsmarkaðsverð á hrávörum og aðföngum hefur lækkað sem og húsnæðisliður vísitölnnar sem hefur verið í samræmi við almenna verðþróun. Hagstofan gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs verði í kringum verðbólguþröngmið Seðlabankans eða 2,4% í ár og á bilinu 2,4-2,6% út spátímabilið.

Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar veikist um 8,2% í ár, sem skýra má að mestu vegna veirufaraldursins í mars og apríl. Vopnabúr Seðlabankans hefur aldrei verið öflugra og hefur hann beitt inngrípum til að sporna við

veikingu krónunnar. Hagstofan gerir ekki ráð fyrir miklum gengisbreytingum á áætlunartímabilinu 2021-2025 að frátöldu örlítilli styrkingu á næsta ári.

Eftir að íbúðaverð hafði hækkað umtalsvert frá árinu 2011 fór að draga úr hækkunum frá 2018 og hafa þær verið nokkuð stöðugar í um það bil 3,5% síðan þá. Umsvif á byggingarmarkaði hafa dregist saman skv. talningu Samtaka iðnaðarins en áfram er mikið af nýbyggingum að koma inn á markaðinn og íbúðir sem voru í skammtímaútleigu til ferðamanna að koma í sölu eða í langtímaleigu. Miklar vaxtalækkningar halda uppi eftirspurn á íbúðamarkaði þrátt fyrir versnandi efnahagshorfur. Hagstofan birtir ekki spá um íbúðarverð en viðskiptabankarnir spá fyrir um raunbreytingu íbúðaverðs. Arion banki og Íslandsbanki spá því að raunverð lækki í ár og á næsta ári á meðan Landsbankinn spáir hins vegar hækkunum frá 2020 og til og með 2022.



Launavísitalan hefur hækkað nokkru meira en íbúðaverð en árshækkun vísitölunnar var 6,4% í lok maí. Vísitalan tók nokkurn kipp í apríl sl. vegna áhrifa Lífskjarasamninga en þeir voru gerðir í byrjun apríl 2019 og gilda þeir til nóv. 2022. Launahækkanir voru hófsamar til þess að stuðla að auknum verðstöðuleika og lægra vaxtarstigi. Forsendur samninganna og efnidir fyrirheita ríkisstjórnarinnar verða metnar í september 2020. Séu forsendur samninganna brostnar þarf að leita leiða til að markmið samningsins nái fram að ganga en náist ekki samkomulag eru samningarnir uppsegjanlegir og falla úr gildi 1. október 2020. Ekki er þó búið að semja við allar stéttir. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan verði 5,8% í ár og á bilinu 5,4-5,6% 2021 og 2022.

Vert er að hafa í huga að spár annarra greiningaraðila eru almennt svartsýnni en spá Hagstofunnar og mun hún ekki endurskoða sína spá fyrr en 1. nóvember nk. eða sama dag og leggja skal fjárhagsáætlun fyrir borgarstjórn í síðasti lagi. Vegna þróunar á helstu hagstærðum síðastliðna mánuði og skýrra vísbendinga um mikinn samdrátt í hagkerfinu er mikilvægt að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2021 geri ráð fyrir aðhaldi og fimm ára áætlun til ársins 2025 taki mið af hófsömum vexti útgjalda bæði til rekstrar og fjárfestinga. Þannig má stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar til að takast á við núverandi efnahagsaðstæður.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur mælst til þess með yfirlýsingu dags. 27. mars 2020 að sveitarfélög haldi aftur af sér við gjaldskrárhækkanir í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðfélaginu. Þetta er einnig í takt við ákvæði í lífskjarasamningunum sem stuðlar að verðstöðuleika.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs